

**106. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
21. maí 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hjördís Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Stefanía Marta Katarínusdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.



**Fyrir tekið:**

**1. 1905273 - Samþætt verklag skólaþjónustu og velferðarþjónustu**

Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs þar sem fjallað er um hugmyndina um samþætt verklag skólaþjónustu og velferðarþjónustu

*Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Brekkubæjarskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla, Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskóla, Heiðrún Janusardóttir fulltrúi Þorpsins, Stefanía Marta Katarínusardóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla, Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Grundaskóla, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks í leikskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskóla sitja fundinn undir þessum lið.*

*Kynnt er þróunarverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Austurlandslíkanið. Skóla- og frístundaráð og velferðar- og mannréttindaráð leggja til að stofnaður verði þróunarhópur þvert á svið þessara ráða til þess að undirbúa ferli nýs verklags við skóla- og velferðarþjónustu Akranesi.*

*Ráðin leggja jafnframt til við bæjarráð að heimild fái til að ráða í starf verkefnastjóra tímabundið til tveggja ára, til þess að stýra innleiðingu á nýju verklagi frá og með 15. ágúst 2019. Kostnaður vegna ráðningar fyrir árið 2019 er u.þ.b. kr. 765.915 pr. mánuð eða samtals fyrir árið 2019 kr. 3.446.618. Kostnaði vegna næsta árs vísað til næstu fjárhagsáætlunargerðar*

**2. 1811110 - Íbúaping um skólamál**

Verklag við framkvæmd íbúapings um menntamál haustið 2019.

*Áheyrnarfulltrúar sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð leggur til að stofnaður verði framkvæmdahópur sem kemur með tillögur um útfærslu skólaþingsins sem byggir á hugmyndinni um að íbúapingið verði byggt upp á þremur þáttum. Kynningu fyrir alla þátttakendur, málstofum og í lokin sameiginlegur fundur með þjóðfundarformi.*

Tillaga í framkvæmdahóp  
 Verkefnastjóri á skrifstofu skóla- og frístundasviðs  
 Fulltrúi grunnskólanna  
 Fulltrúi leikskólanna  
 Fulltrúi Þorpsins  
 Fulltrúi tónlistarskólans  
 Fulltrúi íþróttabandalagsins  
 Fulltrúi FVA

Ósk um fjármagn til framkvæmd íbúðabingsins að upphæð kr. 1 milljón vísað til bæjarráðs.

### 3. 1901204 - Fimleikahús framkvæmdir

Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði kynnir stöðu framkvæmda við fimleikahús á Vesturgötu.

Einnig fjallað um staðsetningu frístundar Brekkubæjarskóla.

Heiðrún viku af fundi og Agústa Rósa Andrésdóttir fulltrúi íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar kemur inn.

Skóla- og frístundaráð þakkar Karli Jóhanni Haagensen fyrir góða kynningu. Ráðið leggur til að skipulags- og umhverfissvið útfæri og kostnaðarmeti að framtíðarhúsnæði frístundar Brekkubæjarskóla verði á „Þekjunni“ hæð fyrir ofan fimleikahús og íþróttahreyfingin fái húsnæðið sem er nú nýtt fyrir frístund. Jafnframt leggur ráðið áherslu á að „Þekjan“ verði fjölnota svæði. Erindinu vísað til skipulags- og umhverfissvið til útfærslu og kostnaðarmats.

Agústa Rósa viku af fundi.

### 4. 1905212 - Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2019 - úthlutun

Úthlutað hefur verið úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir starfsárið 2019 - 2020.

Endurmenntunarsjóður grunnskóla hefur úthlutað kr. 1.200.000 til endurmenntunar fyrir kennara og skólastjórnendur grunnskólanna á Akranesi fyrir næsta skólaár.

- Áherslur sem lagðar voru fram í umsókninni voru eftirfarandi:
- Velferð nemenda
- Skóli margbreytileikans ? Aðlögun náms og námsaðstæðna á miðstigi grunnskólanna
- Skóli margbreytileikans ? Samstarf við velferðarþjónustu
- Árangursríkt og heilbrigt starfsumhverfi.
- Íslenskukennsla í öllum námsgreinum.

Sigurður Arnar, Arnbjörg, Hjördís Dögg, Stefanía Marta og Erla Ösp víkja af fundi.

### 5. 1808057 - Starfshópur um framtíðarþörf á leikskólaláttum á Akranesi

Lögð fram lokadrög að skýrslu starfshóps og opnað fyrir athugasemdir. Tillaga starfshóps.

Lokadrög af skýrslu lögð fram og umræða um hana. Skýrslan verður opin til athugasemda til mánudagsins 27. maí 2019.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Báre Dáðsdóttir  
 Ragnar Samundsson  
 Sandra M. Sigurjónsd.